

Dagbókarvinna:

Hvers vegna dagbókarvinna?

Eftirfarandi punktar eru í raun tilvísun í kennslufræði erlendra tungumála, þeir sýna fram á hvernig dagbókarvinnan virkar í kennslu tungumálsins, hvernig hún er tæki til að ná fram þeim leiðarljósum sem mikilvæg eru í allri tungumálakennslu.

Orðaforði sem nauðsynlegur er einmitt núna.

Höfðar til veruleikasviðs barnsins sjálfs.

Höfðar til áhugasviðs barnsins.

Þarna felast einmitt þau atriði sem barnið vill koma á framfæri til hinna: nemandi og kennari.

Barnið er ekki takmarkað af kunnáttuleysi í tungumálinu – teikningin leyfir flestar frásagnir – kennarinn kemur síðan með íslenskuna og brúar þannig bilið.

Nemandinn uppgötvar ósjálfrátt uppsetningu tungumálsins, orðaskipan, orðaflokka o.s.frv.

Nemandinn lærir ný atriði í málfræði, ýmist meðvitað eða ómeðvitað og þá með fullum skilningi á innihaldi textans því viðfangsefnið er hann sjálfur.

Ný atriði í málfræði er alltaf hægt að yfirfæra á dagbók, t.d. bættu inn lýsingarorðum, settu í nútíð, þátíð o.s.frv.

Hentar öllum, læsum sem ólæsum og með hin ólíkustu móðurmál – uppgötvunin eða skilningurinn á uppbyggingu tungumálsins verður samhliða.

Þú ert ekki að þröngva einhverjum ókunnugum heimi upp á nemandann, t.d. sveit ef barnið hefur aldrei búið í sveit.

Innihaldið kemur frá nemandanum sjálfum – merking alltaf á hreinu, án túlks.

Hvenær kennari ákveður að kenna ákveðin málfræðiatríði ráðast af þörfinni í dagbókarfærslunni en ekki af því hvaða málfræðiatríði eru “léttust”, þ.e.a.s. málfræðin stjórnar ekki ferðinni heldur innihald dagbókarfærslunnar – samskiptaþörfin stýrir kennslunni.

Nemandinn tjáir sig frá fyrstu stundu – gagnkvæm tjáskipti strax í upphafi.

Reglulegt ritunarferli, ritunaræfing sem barnið vinnur 2svar til 3svar í viku. Dæmi eru um að nemendur skrifi dagbók daglega þegar það hefur hentað af ýmsum ástæðum. Sem dæmi má nefna skólaferðalög og frídagar þegar eitthvað nýtt ber upp á. Einnig ef þarf að æfa eitthvað atríði, t.d. málfræðiatríði. Dagbók virkar sem uppspretta umræðna milli kennara og nemanda og getur þannig þróast í þá átt að kennarinn finnur hvar þörfin liggur. Þessar umræður geta kallað á kennslu í meiri orðaforða eða að einhvers staðar eigi nemandinn við eitthvert vandamál að stríða sem kennarinn hefur kannski einhver tók á að leysa. Tökum sem dæmi að nemandi hafi farið í afmælisveislu. Hann teiknar bara eina mynd af afmælinu eða segir með einfaldri setningu að hann hafi farið í afmæli. Þá getur kennarinn notað þetta til að spyrja ýmissa spurninga um afmælið: Hvað gafstu afmælisbarninu? Hvað fenguð þið að borða? Fóruð þið í leiki? Hvaða leiki? Fannst þér gaman?